

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Breyting á deiliskipulagi íbúða- og frístundalóða Hraunhólum, Skaftholti.

Breytingin felur í sér fjölgun lóða. Annars vegar þrjár einbýlishúsalóðir á reit A austan við núverandi íbúðarhús og hins vegar þrjár sumarhúsalóðir á reit B syðst í landinu.

Samþykkt í sveitarstjórn 6. maí 2016.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 16. júní 2016.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 1. júlí 2016